

# Samningur

## milli Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness, Verkalýðsfélags Þórshafnar og Landssambands smábátaeigenda um ákvæðisvinnu við línu og net

### 1. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000 hverjum starfsmanni í fullu starfi, sem er við störf í maí 2011 og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars – maí 2011. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

### 2. gr. Launakjör

#### a) Beitning með beituskurði

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu:

420 x 5,31 =	kr. 2.229	með beituskurði
500 x 5,31 =	kr. 2.654	með beituskurði
540 x 5,31 =	kr. 2.866	með beituskurði

Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti og sjái um beituskurð án annarrar vinnu við bátinn.

#### b) Beitning án beituskurðar

Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu:

420 x 4,86 =	kr. 2.040	án beituskurðar
500 x 4,86 =	kr. 2.429	án beituskurðar
540 x 4,86 =	kr. 2.623	án beituskurðar

Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum. Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn.

#### c) Uppstokkun á línu

Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 82% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt a-lið þessarar greinar. Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum

hætti og er fyrir beitningu. Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

420 króka bjóð	uppstokkun	kr. 1.828
500 króka bjóð	uppstokkun	kr. 2.176
540 króka bjóð	uppstokkun	kr. 2.350

### 3. gr. Landmenn

Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa og annast aðra umsýslu.

### 4. gr. Starfshlutfall

Starfsmaður sem stokkar upp eða beitir ákveðin fjölda bjóða á dag samkvæmt eftirfarandi reglu telst vera í fullu starfi við beitningu. Sé hann ráðinn til að beita færri bjóð skerðist starfshlutfall hans sem því nemur. Fullt starf er skilgreint í samningi þessum að beitt sé í 14 daga í mánuði hverjum. Sjá nánar skilgreiningu á fullu starfshlutfalli í d-lið í fylgiskjali með samningnum.

Bjóð með beituskurði: 420 króka bjóð = 6,55 bjóð á dag  
500 króka bjóð = 5,50 bjóð á dag  
540 króka bjóð = 5,09 bjóð á dag

Bjóð án beituskurðar: 420 króka bjóð = 7,15 bjóð á dag  
500 króka bjóð = 6,01 bjóð á dag  
540 króka bjóð = 5,56 bjóð á dag

Uppstokkun á línu: 420 króka bjóð = 7,98 bjóð á dag  
500 króka bjóð = 6,71 bjóð á dag  
540 króka bjóð = 6,21 bjóð á dag

### 5. gr. Kauptrygging

Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 204.345,-. Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn stocchi upp eða beiti ákveðin fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður stokkar upp eða beitir reglulega. Komi til þess að brælur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu. Kauptryggingin tekur þeim hækkunum sem verða á kjarasamningi Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA á hverjum tíma.

1. febrúar 2012: kr. 11.000 – kauptrygging verði kr. 215.345  
1. febrúar 2013: kr. 11.000 – kauptrygging verði kr. 226.345

Kauptrygging kr. 204.345,- / 2.229 pr 420 króka bjóð = 91,67 bjóð á mánuði  
Með beituskurði / 2.654 pr 500 króka bjóð = 77,00 bjóð á mánuði  
/ 2.866 pr 540 króka bjóð = 71,30 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 204.345,- / 2.040 pr 420 króka bjóð = 100,17 bjóð á mánuði  
Án beituskurðar / 2.429 pr 500 króka bjóð = 84,14 bjóð á mánuði  
/ 2.623 pr 540 króka bjóð = 77,91 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 204.345,- / 1.828 pr 420 króka bjóð = 111,32 bjóð á mánuði  
 Uppstokkun á línu / 2,176 pr 500 króka bjóð = 93,90 bjóð á mánuði  
 / 2.350 pr 540 króka bjóð = 86,39 bjóð á mánuði

Kauptryggingin og aðrir launaliðir taka þeim hækkunum sem verða á kjarasamningi Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA á hverjum tíma.

## 6. gr. Vinna við línu og netavinnu

### Uppsetning línu

Fyrir að hnýta 1000 nælontauma  
 Sé aðeins hnýttur krókur  
 Fyrir að setja upp línu, 100 tauma

### Greiðsla án orlofs

kr. 2.592  
 kr. 1.817  
 kr. 827

### Vinna við þorskanet

Fyrir að fella net á teina (blý- og flotteina)  
 Fyrir að setja netaslöngu á pípur  
 Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda

kr. 1.814  
 kr. 778  
 kr. 141

Samtals þorskanet

kr. 2.733

Fyrir að fella þorskanet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 1.814

kr. 1.995

Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana

kr. 1.910

### Vinna við grásleppunet

Fyrir að fella grásleppunet á teina (blý- og flotteina)  
 Fyrir að setja grásleppunetaslöngu á pípur  
 Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda

kr. 2.177  
 kr. 1.556  
 kr. 141

Samtals grásleppunet

kr. 3.874

Fyrir að nálfella grásleppunet

kr. 5.104

Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag á kr. 2.177

kr. 2.395

Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana

kr. 2.251

## 7. gr. Orlofs- og desemberuppbót

Greiða skal starfsmönnum við línu og netavinnu orlofs- og desemberuppbót í hlutfalli við starfstíma og starfshlutfall þeirra.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót kr. 15.000

Á árinu 2012 kr. 50.500

Á árinu 2013 kr. 52.100

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót	kr. 26.900
Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót	kr. 10.000
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót	kr. 27.800
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót	kr. 28.700

### **8. gr. Ráðningarsamningur**

Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega.

### **9. gr. Orlofsréttur**

Lágmarksorlof skal vera 10,17% eða 24 dagar. Eftir að starfsmaður hefur starfað við beitningu eða netafellingu í 5 ár skal rétturinn vera 10,64% eða 25 dagar. Með sama hætti öðlast starfsfólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun. Eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki lengist rétturinn í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%.

Starfsmaður sem hefur fengið aukinn orlofsrétt vegna starfa í sama fyrirtæki öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

### **10. gr. Uppgjör**

Um uppgjör og launaseðla fer eins og kveðið er á um í grein 1.10. í kjarasamningi Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA.

### **11. gr. Vinnutími**

Um vinnutíma og lágmarkshvöld fer eins og kveðið er á um í 2. kafla í kjarasamningi Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA.

### **12. gr. Veikindaréttur**

Um greiðslu launa í veikinda- og slysatillfellum og slysatryggingar fer eins og kveðið er á um í 8. kafla í kjarasamningi Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA.

### **13. gr. Hlífðarfatnaður**

Þar sem ekki er lagður til hlífðarfatnaður (svunta, viðeigandi vettlingar, buxur, sloppur) skal fastráðinn beitningamaður hafa heimild til úttektar á vinnufatnaði hjá útgerðinni að upphæð kr. 5.528 á mánuði, sem skulu taka sömu hækkunum og aðrir kaupliðir samningsins.

1. febrúar 2012: kr. 5.827

1. febrúar 2013: kr. 6.124

Lausráðnir beitningamenn og starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

#### **14. gr. Greiðslur í lífeyrissjóð**

Vinnuveitandi skal greiða 8% og starfsmaður 4% af öllum launum í lífeyrissjóð.

Viðbótarframlag vinnuveitanda í séreignasjóð skal vera 2% af öllum launum gegn 2% eða hærra framlagi starfsmanns í séreignasjóð.

#### **15. gr. Endurhæfingarsjóður**

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að greiða sérstakt 0,13% launatengt gjald, endurhæfingargjald, á sama stofn og iðgjald til lífeyrissjóða. Að öðru leyti vísast til yfirlýsingar SA og ASÍ um Endurhæfingarsjóð frá 17. febrúar 2008.

#### **16. gr. Félagsgjald og önnur gjöld**

Vinnuveitandi skal halda eftir félagsgjaldi af öllum launum starfsmanna og greiða þau til viðkomandi stéttarfélags. Um önnur gjöld s.s. gjald í orlofssjóð, sjúkrasjóð og starfsmenntasjóð fer eins og kveðið er á um í 10. kafla kjarasamnings Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og SA.

#### **17. gr. Frekari fríðindi**

Nú hefur beitningamaður hærra kaup eða frekari fríðindi en samningur þessi ákveður og skal þá það kaup og þau fríðindi haldast.

#### **18. gr. Önnur atriði**

Um önnur atriði sem ekki eru tilgreind í þessum kafla vísast í aðalkjarasamning Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar og Samtaka atvinnulífsins.

#### **19. gr. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.

**Reykjavík 1. júlí 2011**

Fh. Framsýnar

Fh. Landssambands smábátaeigenda

Fh. Verkalýðsfélags Akraness

Fh. Verkalýðsfélags Þórshafnar

## Fylgiskjal með samningi

Framsýnar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Þórshafnar  
og  
Landssambands smábátaeigenda

um ákvæðisvinnu við línu og net dags. 1. júlí 2011

### a) Dæmi um greiðslur fyrir beitningu með beituskurði:

420 x 5,31 = kr. 2.229	með 10,17% orlofi kr. 2.456
500 x 5,31 = kr. 2.654	með 10,17% orlofi kr. 2.924
540 x 5,31 = kr. 2.866	með 10,17% orlofi kr. 3.158

Greislur fyrir beiturskurð eru innifaldar í ofangreindum upphæðum og eru eftirfarandi:

420 króka bjóð	kr. 189
500 króka bjóð	kr. 225
540 króka bjóð	kr. 243

### b) Dæmi um greiðslur fyrir beitningu án beituskurðar:

420 x 4,86 = kr. 2.040	með 10,17% orlofi	kr. 2.248
500 x 4,86 = kr. 2.429	með 10,17% orlofi	kr. 2.676
540 x 4,86 = kr. 2.623	með 10,17% orlofi	kr. 2.890

### c) Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 82% af a-lið þessarar greinar:

420 x 5,31 = kr. 2.229	uppstokkun kr. 1.828	með 10,17% orlofi kr. 2.014
500 x 5,31 = kr. 2.654	uppstokkun kr. 2.176	með 10,17% orlofi kr. 2.397
540 x 5,31 = kr. 2.866	uppstokkun kr. 2.350	með 10,17% orlofi kr. 2.589

Í dæmunum hér að ofan er gert ráð fyrir 10,17% orlofi. Rétt er að vekja athygli á að orlofsréttur er misjafn eftir starfsreynslu sbr. 9. grein samningsins.

### d) Dæmi um kauptryggingu:

Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn beiti ákveðin fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu.

Kauptrygging kr. 204.345,-	/ 2.229 pr 420 króka bjóð = 91,67 bjóð á mánuði
Með beituskurði	/ 2.654 pr 500 króka bjóð = 77,00 bjóð á mánuði
	/ 2.866 pr 540 króka bjóð = 71,30 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 204.345,-	/ 2.040 pr 420 króka bjóð = 100,17 bjóð á mánuði
Án beituskurðar	/ 2.429 pr 500 króka bjóð = 84,14 bjóð á mánuði
	/ 2.623 pr 540 króka bjóð = 77,91 bjóð á mánuði

Kauptrygging kr. 204.345,-	/ 1.828 pr 420 króka bjóð = 111,79 bjóð á mánuði
Uppstokkun á línu	/ 2.176 pr 500 króka bjóð = 93,90 bjóð á mánuði
	/ 2.350 pr 540 króka bjóð = 86,95 bjóð á mánuði

## **Bókun**

Aðilar eru sammála um að skipa nefnd sem ætlað verði að meta kosti og galla hlutaráðningar beitningamanna hjá útgerðum smábátæigenda. Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir 31. desember 2012 og skal niðurstaðan vera höfð til hliðsjónar við gerð næsta kjarasamnings.

**Reykjavík 1. júlí 2011**

Fh. Framsýnar

Fh. Landssambands smábátæigenda

Fh. Verkalýðsfélags Akraness

Fh. Verkalýðsfélags Þórshafnar